

Alþingi  
Erindi nr. P 139/919  
komudagur 10.12.2010



Efnahags og skattanefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. desember 2010

Efni: Athugasemdir við þskj. 380 – 313. mál. Frumvarp til laga um breyting á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld.

PwC gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

Um 1. gr.

Að mati PwC er óeðlilegt að einungis verði heimilt að jafna saman gengishagnaði og gengistapi hvers innlánsreiknings fyrir sig innan ársins. Réttara væri að heimila að jafna saman hagnaði og tapi á öllum gjaldeyrisreikningum viðkomandi gjaldanda.

Um 2. gr

PwC styður þessa breytingu.

Um 11. gr.

PwC telur tillögu frumvarpsins til bóta en telur að rétt sé að gera frekari breytingar á ákvæðinu. Þannig telur PwC æskilegt að taka 2. málsl. út í heild sinni. Núverandi orðalag kemur í veg fyrir leiðréttingu síðar ef í ljós kemur að framtal var rangt þ.e. ekki í samræmi við fyrirliggjandi gögn. Þá bendir PwC á að ýmis ákvæði tekjuskattslaga eru valkvæð, s.s. varðandi margvislega frádráttarmöguleika. PwC telur hagsmunir gjaldanda af því að fá að koma að leiðréttingu á framtali, jafnvel þó það byggi aðeins á endurmati gjaldanda á hvernig haga beri framtalsgerð, svo ekki sé talað um að lagfæra framtal til samræmi við fyrirliggjandi upplýsingar, eigi að veða ríkar heldur en hagsmunir gjaldkrefjenda sem felast í bindandi áhrifum framlagðra skattframtala.

Þá telur PwC rétt að breytta 5. másl. 2. mgr. 101. gr. þannig að heimilt verði að skjóta synjun ríkisskattstjóra til yfirskattanefndar. Sú efnisregla sem nú er í gildi og hefur í raun lengi verið í gildi hefur oft á tíðum skapað mikinn vanda fyrir gjaldendur sem leitað hafa til ríkisskattstjóra sem ekki hefur talið rétt að beita heimild sinni. Sérstaklega verður þetta mikilvægt ef áfram verður haldið inni að beiðnin verði að byggja á nýjum gögnum og upplýsingum. Hér er um matskennda ákvörðun að ræða og því mikilvægt að tryggja eðlilegan málsskotsrétt.

Um 13. gr.

a. (I.)

PwC áréttar athugasemdir sem fyrirtækið gerði við 12. gr. frumvarps til laga um tekjuöflun ríkisins, þskj. 292 - 256. mál, 139. löggjafarþing. Að mati PwC var sú breyting sem lögleidd var með 11. gr. laga nr. 128/2009 óheppileg og réttast væri að færa ákvæði 60. gr. tekjuskattslaga til fyrra horfs.

b. (II.)

PwC telur ástæðu til að gera athugasemd við nokkra þætti þessa ákvæðis auk þess að benda á önnur atriði þessu tengd.

PwC telur ekki rétt að gera áskilnað um að rekstraraðilar sem njóta eftirgjafar þurfi að fyrna að fullu fyrnanlegar eignir og sem og mögulegar hámarksniðurfærslur á viðskiptakröfum og vörubirgðum. Þessi aðgerð gerir í raun ekkert annað en skapa falska mynd af greiðslugetu félagsins til lengri tíma. Afleiðing af þessu er að fyrir skapast jákvæður skattstofn hjá fyrirtæki sem fer í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu, þ.e. áður en raunveruleg greiðslugeta hefur skapast.

Þá gerir PwC alvarlegar athugasemdir við það skilyrði sem fram kemur í ákvæðinu að skattaðili taki ekki þátt í samsköttun og sameiningu við aðra skattaðila eða sé skipt upp í fleiri félög. Erfitt er að sjá rökin fyrir þessu og má leiða líkum að því að þetta geri ekkert annað en hamla eðlilegri endurskipulagningu fyrirtækja.

Að mati PwC þá 500 millj. króna viðmiðunin jákvæð en þó þekkir PwC til tilvika þar sem félög hafa farið í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu eða jafnvel formlega nauðasamninga og þar sem mismunur á eftirgefnum skuldum og yfirfæranlegu skattalegu tapi er slíkur að ljóst er að 500 millj. duga skammt. Enda virðist ljóst af ákvæðinu að því er í raun ekki ætlaður sá tilgangur að koma í veg fyrir tekjufærslu heldur setja henni skorður. Í því sambandi er rétt að hafa í huga að fyrirtæki sem hefur gengið í gegnum nauðasamninga er í þeirri stöðu að skuldir félagsins hafa verið stilltar af miðað við greiðslugetu. Það að jákvæður skattstofn og skattur til greiðslur myndast við eftirgjöf sem lið í nauðasamningi er óeðlilegt vegna þessi að þetta leiðir til þess að aðrir kröfuhafar verða að gefa meira eftir af sínum kröfum svo félagið geti staðið skil á skattgreiðslu.

Að mati PwC er mikilvægt að inn í tekjuskattslögin verði tekin ákvæði í takt við það sem t.d. er í danskri löggjöf. Þar yrði gert ráð fyrir því að ef skuldir eru felldar niður sem liður í nauðasamningi eða almennri skuldaeftirgjöf þá þurfi félagið að fullnýta yfirfæranlegt tap og tap ársins á móti tekjufærslu en eftirgjöf umfram það falli niður án frekari skattalegra afleiðinga.

PwC telur líka nauðsynlegt að benda á ákveðin annmarka sem er á 6. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXXVI, sbr. 1. gr. laga nr. 104/2010. Þessi annmarki snýr að því þegar kröfu er breytt í hlutafé. Svo kann að háttá til að krafa hefur verið færð niður t.d. hjá lánastofnunni samræmi við 2. mgr. 3. gr. laga nr. 65/1981, um skattskyldu lánastofnana, í samræmi við mat á raunvirði hennar. Einnig getur háttáð þannig til að aðilaskipti hafa orðið á kröfunni og nyr aðili eignast kröfuna fyrir mun lægri fjárhæð en nemur nafnverði hennar. Þetta á t.d. við um útlánasöfnin sem færðust frá gömlu til nýju bankanna (og eftir atvikum annarra fjármálafyrirtækja). Við þessi aðilaskipti fór fram mat á raunvirði útlánanna og



Þau færð í bækur nýju bankanna miðað við það mat. Ef þessum útlánunum er breytt í hlutafé án þess að formlega felist í því eftirgjöf þá hafa sumir haft af því áhyggjur að orðalag nefnds bráðabirgðaákvæðis (og ekki síður orðalag í athugasemdum með frumvarpi) leiði til þess að líta verði svo á að þá teljist krafan í heild sinni vera kaupverð hlutafjárins. Af því leiðir svo að kröfueigandanum ber að tekjufæra hjá sér mismun á bókfærðu verði kröfunnar og nafnverði hennar. Þessi niðurstaða er hins vegar órókrétt þar sem hún horfir fram hjá þeirri staðreynd að raunveruleg verðmæti hins nýja hlutafjár eru gjarnan allt önnur og minni en nemur nafnverði kröfunnar sem er verið að umbreyta.

PwC hefur haft af því spurnir að til standi að leggja fyrir efnahags og skattanefnd tillögu að breytingu á framangreindu bráðabirgðaákvæði vegna þessa vanda sem hér var nefndur. Athugasemd PwC er því sett fram í þeim tilgangi að vekja athygli á vandanum. PwC telur mikilvægt að hagsmunaaðilar fái tækifæri til að tjá sig um þá breytingartillögu sem kann að koma fram.

Um 17. gr.

PwC vill vekja athygli á stöðu verðbréfafyrirtækja sem er mjög óheppileg þegar kemur að uppgjöri staðgreiðsluskyldra viðskipta. Halda ber eftir fullum fjármagnstekjuskatti þegar þau eru aðilar að þeim viðskiptum, jafnvel þó þau séu aðeins að koma fram fyrir hönd viðskiptavina. Verðbréfafyrirtækin þurfa síðan að halda aftur eftir skatti við uppgjör gagnvart sínum viðskiptavini. Vandinn stafar af því að þau falla ekki undir skilgreiningu 3. mgr. 2. gr. laganna á undanþegnum aðilum enda teljast þau ekki lánastofnun. Enginn eðlismunur er hins vegar á verkefnum verðbréfafyrirtækja og lánastofnana þegar kemur að milligöngu um verðbréfavíðskipti fyrir viðskiptavini viðkomandi fyrirtækja.

Það hefur verið viðtekin venja í kauphallarviðskiptum (þ.e. viðskipti milli tveggja kauphallaraðila) að sleppa afdrætti staðgreiðslu jafnvel þó seljandinn í viðskiptunum sé verðbréfafyrirtæki. Ástæða þessa er sú að viðskipti í Kauphöll myndu eila ekki ganga eftir eins hratt og örugglega og þeim er ætlað. Ef skattyfirvöld gerðu athugasemd við þessa framkvæmd myndi það flækja mjög kauphallarviðskiptin. Mikilvægt er að komast hjá því.

Framangreint raskar mjög stöðu verðbréfafyrirtækja í samkeppni við banka og aðrar lánastofnanir. Ekki er hægt að færa nein skynsamleg rök fyrir þeirri mismunun.

Í helstu samanburðarlöndum er algengast að ekki sé haldið eftir staðgreiðslu þegar greitt er til aðila sem koma fram fyrir hönd annarra aðila við uppgjör viðskipta. Þar sem staðgreiðslu er yfir höfuð haldið eftir er látið nægja að halda eftir staðgreiðslu þegar greitt er til endanlegs eiganda.

#### Dæmi

Þann 1. febrúar 2010 selur verðbréfafyrirtæki skuldabréf fyrir hönd viðskiptavinar með 5.000.000 kr. hagnaði. Mótaðilinn í viðskiptinum er Banki hf. sem heldur eftir kr. 900.000 kr. fjármagnstekjuskatti (18%). Þann 2. febrúar 2010 skilar verðbréfafyrirtækið andvirðinu til viðskiptavinarins og heldur eftir fjármagnstekjuskatti af hagnaðinum, þ.e. kr. 900.000 (18%). Bæði banki hf. og verðbréfafyrirtækið skila fjármagnstekjuskattinum til ríkissjóðs á eindaga, þ.e. 5. maí 2010. Heildarskil í ríkissjóð eru kr. 1.800.000 sem svarar til 36% fjármagnstekjuskatts. Verðbréfafyrirtækið sem fékk aðeins kr. 4.100.000 frá Banka hf. og skilaði allri fjárhæðinni til viðskiptavinar síns þarf því sjálft að fjármagna skilin til ríkissjóðs, þ.e. kr. 900.000. Við álagningu gjaldárið 2011, eða nánar tiltekið 1. nóvember 2011, fær



verðbréfafyrirtækið fjármagnstekjuskattinn greiddan, þ.e. u.þ.b. 18. mánuðum eftir að fyrirtækið skilaði skattinum í ríkissjóð.

PwC leggur því til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á 3. mgr. 2. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur:

- a) í stað orðanna „verðbréfasjóðir, sbr. lög um verðbréfasjóði, nr. 10/1993“ komi: „sjóðir sem starfa samkvæmt lögum nr. 30/2003.“
- b) á eftir orðunum „með síðari breytingum.“ komi: „verðbréfafyrirtæki sbr. 5. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki“

Um 18. gr.

Sjá athugasemd við 1. gr.

Að öðru leyti eru engar efnislegar athugasemdir gerðar við ákvæði framangreinds frumvarps.

Virðingarfyllst,

Friðgeir Sigurðsson,  
forstöðumaður skatta- og lögfræðisviðs